

Varð það til þess að eg fór að hnýsast í Hömeopathíu, keypti bækur og meðöl. Að lokum tókst mér að hjálpa Sophíu og fleirum, enda þeim sem læknað gáfu litlar vonir með. Var þá oft gestkvæmt og kom það oft fyrir að 6 — 10 voru framandi næturgestir og keyptu meðöl og fl. fyrir 3—4 krónur, — stundum lánað, — tapaði eg þannig oft peningum, en það margborgaði sig, því eg varð svo montinn og upp með mér af að geta hjálpað fólki.... Undir þessum kringumstæðum reyndist Sophía eins og ætíð fullkomin og uppörvandi kona sem alt vildi bæta og græða“.....

Heimili þeirra hjóna á Íslandi var, að kunnugra manna sögn, fyrirmynd að háttprýði, reglusemi og dugnaði. Og styrkur hefir það verið héraði hans að þeim hjónum því þau ólu upp 5 vandalaus börn og fluttist eitt þeirra með þeim hingað vestur. Heimakennara héldu þau til að uppfræða börn sín og fósturbörn í einföldum fræðigreinum, og þótt slíkt væri ekki einsdæmi á Íslandi í þá tíð, þá voru það þó aðeins efnaðri bændur er ráð höfðu á slíku, enda voru þau hjón mikið fremur efnuð, veitandi mörgum þurfalingi. Var hjálpsemi þeirra jaínan gjörð eftirtölulaust og án alls yfirlætis.

Árið 1886 fluttust þau hjón alfarin af Íslandi, og settust að í Íslendinga byggðinni í Pembina Co. í N. Dak., skamt austur af Mountain (Víkur) pósthúsi. Þar bjuggu þau rausnarbúi rúm 13 ár. Á þeim tíma mentuðust synir þeirra og kvonguðust burtu. Fluttust þeir allir feðgar, ásamt tengdasyni Eggerts, Birni Austfjörð, um þetta leyti til nýlendu er Íslendingar frá Dak. mynduðu í Roseau Co. í Minn. Er sú byggð nú að heita má gjöreydd af Íslendingum og þeir flestir fluttir norðvestur í Canada til hinnar svonefndu Foam Lake byggðar í Sask. Þangað fluttu þau með yngsta syni sínum, Þórði, veturinn 1906 og voru þau hjón hjá honum þar til á þessu hausti að Sophía kona Eggerts andaðist þann 26. Okt. Var það stór sorgaraburður og finnst nú ekkjumanninum aldna tómmt um eftir andlát konu sinnar er hann unni hugástum, og var hans tryggasti hollvinur um þann langa aldur er samfarir þeirra entust. Undi hann sér því ekki á staðnum þar sem hún dó, en leitaði til